

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/124/EB

2014/EES/73/71

frá 18. desember 2008

um að takmarka markaðssetningu fræs tiltekinna tegunda fódurjurta og olíu- og trefjajurta við fræ sem eru opinberlega vottfest sem stofnfræ eða vottað fræ

(Kerfisbundin útgáfa) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 3. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/109/EBE frá 27. febrúar 1986 um að takmarka markaðssetningu ákveðinna tegunda fódurjurta og olíu- og trefjajurta við fræ sem eru opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“ ⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda þessa tilskipun, ásamt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 75/502/EBE frá 25. júlí 1975 um að takmarka markaðssetningu á vallarsveifgrasfræi (*Poa pratensis* L.) við fræ sem er opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“ ⁽⁵⁾, með því að sameina þær í einn texta.
- 2) Með reglugerð 66/401/EBE er leyft að markaðssetja stofnfræ, vottað fræ og sölufræ tiltekinna fódurjurta-tegunda.
- 3) Með reglugerð 2002/57/EBE er leyft að markaðssetja stofnfræ, vottað fræ og sölufræ tiltekinna tegunda olíu- og trefjajurta.
- 4) Með báðum reglugerðum er framkvæmdastjórninni heimilað að banna markaðssetningu á fræi nema það hafi verið opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.
- 5) Aðildarríkin eru í aðstöðu til að framleiða nægilegt stofnfræ og vottað fræ til að uppfylla eftirspurn innan Bandalagsins eftir fræjum sumra þeirra tegunda sem um getur hér að ofan með fræi í þeim flokkum.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

7) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipananna sem eru settir fram í B-hluta I. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

„1. Aðildarríki skulu kveða á um að ekki skuli heimilt að setja á markað fræ:

— <i>Poa pratensis</i> L.	vallarsveifgrass
— <i>Vicia faba</i> L. (partim)	hestabauna,
— <i>Papaver somniferum</i> L.	ópiumvalmúa
— <i>Agrostis gigantea</i> Roth	stórlíngresis
— <i>Agrostis stolonifera</i> L.	skriðlíngresis
— <i>Phleum bertolonii</i> DC	vallarfoxgrass
— <i>Poa palustris</i> L.	fitjasveifgrass
— <i>Poa trivialis</i> L.	hásveifgrass
— <i>Lupinus albus</i> L.	hvítrar lúpínu
— <i>Brassica juncea</i> (L.) Czernj. et Cosson	brúns mustarðs
— <i>Agrostis capillaris</i> L.	hálíngresis
— <i>Lotus corniculatus</i> L.	akurmariuskós
— <i>Medicago lupulina</i> L.	refasmára
— <i>Trifolium hybridum</i> L.	túnsmára
— <i>Alopecurus pratensis</i> L.	háliðagrass
— <i>Arrhenatherum elatius</i> (L.) Beauv. ex J. S. et K. B. Presl	ginhafra
— <i>Bromus catharticus</i> Vahl	sólfax
— <i>Bromus sitchensis</i> Trin.	sitkafax
— <i>Lupinus luteus</i> L.	gulrar lúpínu

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 73. Hinnar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56, 22.10.2009, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 93, 8.4.1986, bls. 21.

⁽⁴⁾ Sjá A-hluta I. viðauka.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 228, 29.8.1975, bls. 26.

— <i>Lupinus angustifolius</i> L.	lensulúpinu
— <i>Poa nemoralis</i> L.	kjarrsveifgrass
— <i>Trisetum flavescens</i> (L.) Beauv.	akurlógresis
— <i>Phacelia tanacetifolia</i> Benth.	hunangsjurtar
— <i>Sinapis alba</i> L.	hvíts mustarðs
— <i>Agrostis canina</i> L.	týtulíngresis
— <i>Festuca ovina</i> L.	sauðvinguls
— <i>Trifolium alexandrinum</i> L.	alexandríusmára
— <i>Trifolium incarnatum</i> L.	logasmára
— <i>Trifolium resupinatum</i> L.	persasmára
— <i>Vicia sativa</i> L.	föðurflækju
— <i>Vicia villosa</i> Roth	dúnflækju

nema það hafi verið opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

„2. Aðildarríki skulu kveða á um að ekki skuli heimilt að setja á markað fræ

— <i>Glycine max</i> (L.) Merr.	sojabauna
— <i>Linum usitatissimum</i> L.	höfræs

nema það hafi verið opinberlega vottfest sem „stofnfræ“, „vottað fræ, fyrsta kynslóð“ eða vottað fræ, önnur kynslóð“.

2. gr.

Tilskipun 75/502/EBE og tilskipun 86/109/EBE, eins og þeim var breytt með tilskipuninum sem skráðar eru í A-hluta I. viðauka, eru felldar úr gildi með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipananna sem eru settir fram í B-hluta I. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelldar tilskipanir með skrá yfir síðari breytingar þeirra

(sem um getur í 2. gr.)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 75/502/EBE	Stjtið. EB L 228, 29.8.1975, bls. 26.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/109/EBE	Stjtið. EB L 93, 8.4.1986, bls. 21.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/424/EBE	Stjtið. EB L 196, 12.7.1989, bls. 50.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/376/EBE	Stjtið. EB L 203, 26.7.1991, bls. 108.

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 2. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
75/502/EBE	1. júlí 1976
86/109/EBE	1 júlí 1987 (1. gr.) 1 júlí 1989 (2. gr.) 1 júlí 1990 (2. gr.a) 1 júlí 1991 (3. gr. og 3. gr.a)
89/424/EBE	1. júlí 1990
91/376/EBE	1. júlí 1991

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 75/502/EBE	Tilskipun 86/109/EBE	Þessi tilskipun
1. gr.	1. mgr. 1. gr. 2. mgr. 1. gr. 2. gr. 2. gr. a 3. gr. 1. mgr. 3. gr. a 2. til 6. mgr. 3. gr. a	1. mgr. 1. gr. 2. mgr. 1. gr. 1. mgr. 1. gr. 1. mgr. 1. gr. 1. mgr. 1. gr. 1. mgr. 1. gr. —
2. gr.	4. gr.	—
—	—	2. gr.
—	—	3. gr.
3. gr.	5. gr.	4. gr.
—	—	I. viðauki
—	—	II. viðauki